

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðbjarts Kristjánssonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1951. 24. apríl  
Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðbjarts Kristjánssonar, hreppstjóra, Hjarðarfelli.

### 1. gr.

Sjóðurinn heitir: Minningarsjóður Guðbjarts Kristjánssonar. Hann var fæddur 18. nóv. 1878, dáinn 9. sept. 1950.

### 2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af konu, börnum og ýmsum fleirum. Stofnfjárhæð hans er kr. 10110.00 — tíu þúsund eitt hundrað og tíu krónur —, sem ávaxtast í Búnaðarbanka Íslands. Auka má sjóðinn með viðbótartillögum og minningargjöfum.

### 3. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25000.00, má verja  $\frac{1}{2}$  ársvöxtunum samkvæmt fyrirætlum 4. gr. En hinn helmingur ársvaxtanna leggst áfram við höfuðstólinn, þar til sjóðurinn er orðinn kr. 50000.00, þá má verja  $\frac{3}{4}$  ársvaxta í sama tilgangi, en  $\frac{1}{4}$  ársvaxta leggist ávallt við höfuðstólinn, þar til hann er orðinn kr. 250000.00. Úr því má verja öllum ársvöxtunum samkv. ákvæðum 4. gr., en höfuðstólinn má aldrei skerða.

### 4. gr.

Tilgangur sjóðsins er:

1. Að styrkja eða verðlauna þá einstaklinga, er skara fram úr við ræktun trjálunda við heimili sín.
2. Og þegar sjóðnum vex fjárhagsgeta má styrkja félagsleg átök í ræktun jarðar og búfjár, eftir ákvörðunum sjóðstjórnar. Starfssvæði sjóðsins er Miklaholtshreppur.

### 5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa eftirtaldir menn: Formaður Búnaðarfélags Miklaholtshrepps, sem jafnframt skal vera formaður sjóðstjórnar, oddviti Miklaholtshrepps, og þriðji maður kosinn af aðalfundi Búnaðarsambands Snæfellsness- og Hnappadalssýslu til tveggja ára í senn.

### 6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda funda- og gerðabók og færa í hana skipulagsskrána, úthlutun styrkja úr sjóðnum, fundarsamþykktir og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

Sjóðstjórnin haldi einnig sérstaka bók fyrir eignir sjóðsins, tekjur og gjöld.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram 18. nóvember. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, kosnum af hreppsnefnd Miklaholtshrepps.

Reikningsgerð skal lokið fyrir 1. febr. ár hvert.

- 57 7. gr.  
24. apríl Skipulagsskrá þessi öðlist staðfestingu forseta Íslands og óskast þá skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda, svo og árlegir reikningar sjóðsins.

Hjarðarfelli, 16. sept. 1950.

Gunnar Guðbjartsson. Guðbrandur Guðbjartsson. Kristján Guðbjartsson.  
Alexander Guðbjartsson. Guðbranda Þorbjörg Guðbrandsdóttir.  
Ragnheiður Guðbjartsdóttir. Þorkell Ág. Guðbjartsson.  
Sigr. Elín Guðbjartsdóttir. Guðbjörg Guðbjartsdóttir.

- 58 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 25. apríl 1951.  
25. apríl Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Áslaugar Þórðardóttur.

### 1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kvenfélaginu Hvítabandinu í Reykjavík til minningar um frú Áslaugu Þórðardóttur, sem var fædd 11. júlí 1892, dáin 12. okt. 1950, og formaður félagsins.

### 2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að setja á stofn og starfrækja ljósastofu, þar sem börn á aldrinum tveggja til sjö ára fá ljóslækningar.

### 3. gr.

Kvenfélagið Hvítabandið leggur sjóðnum til á stofndegi kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Félagið annast fjáröflun til sjóðsins framvegis.

### 4. gr.

Stjórn Hvítabandsins hefur á hendi stjórn sjóðsins og framkvæmdir. Endurskoðendur félagsins skulu endurskoða reikninga hans og skulu þeir því næst bornir upp til samþykkis á aðalfundi félagsins.

### 5. gr.

Sjóðnum skal verja til að standa straum af stofnkostnaði og rekstri áður nefndrar ljósastofu.

Ekki má þó veita meira fé úr sjóðnum en svo, að hálfstofnfé hans verði eftir óskert á vöxtum.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 12. nóvember 1950.

Í stjórn Kvenfélagsins Hvítabandsins.

Hólmfríður Jónsd., Helga S. Þorgilsdóttir, Oddfríður Jóhannsd.,  
varaform. ritari. gjaldk.